

Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefundasvid@althingi.is

Reykjavík 17. janúar 2023

Efni: Umsögn um mál 550, frumvarp til laga um breytingu á lögum tóbaksvarnir, nr. 6/2002 (innihaldsefni, umbúðir o.fl.).

Umsögn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins fagnar framkomnu frumvarpi um breytingu á lögum um tóbaksvarnir sem mun gera það að verkum að við uppfyllum alþjóðlegar skuldbindingar okkar á sviði tóbaksvarna.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur alla tíð barist fyrir takmörkunum á tóbaksneyslu til að koma í veg fyrir margvíslegt heilsutjón af völdum hennar. Tóbaksvarningur (reyktóbak, reyklaust tóbak, rafsígarettur og aðrar nikótínvörur) er mjög ávanabindandi og rannsóknir benda til þess að fikt með slíkar vörur þróist oft út í daglega notkun, ekki síst meðal unga fólksins.

Ísland undirritaði rammisamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um tóbaksvarnir (FCTC). Ísland undirritaði samninginn árið 2003 og var hann síðar fullgiltur árið 2004. Ísland er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), það hefur samþykkt að innleiða tóbaksvarnartillögur WHO sem miða ekki síst að því að vernda börn og ungmenni en Ísland á eftir að innleiða margar þessara tillagna. Það er ekki að ástæðulausu að ein af tillögum WHO, og þar með EES, snýr að því að banna bragðefni/einkennandi bragð (svo sem mentól) í tóbaki (sígarettum/reyktóbak). Þetta er gert til að reyna koma í veg fyrir að tóbaksvarningur verði ekki eins aðlaðandi fyrir börn og ungmenni og fólk sem reykir ekki. Tóbaksíðnaðurinn hefur m.a. reynt að setja fram þær hugmyndir að tóbaks- og nikótínvörur hafi heilsufarslegan ávinning ef þær eru með ákveðnu bragði.

Þegar búið verður að samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp er mikilvægt er að Ísland hugi að næstu stóru skrefum í tóbaksvörnum, t.d. með því að taka upp eftir mörgum öðrum löndum og tímasetja hvenær stefnt skuli að tóbakslausu landi og ákveða sem fyrst að taka upp „hlutlausar/einsleitar“ tóbaksumbúðir. Því ber að fagna að dregið hefur verulega úr reykingum á undanförunum árum, ekki síst meðal barna og ungmenna. Þessari þróun þarf að fylgja eftir með því að setja aukinn kraft í að ná til þeirra sem vilja takast á við tóbaks- og nikótínfíkn sína. Auk öflugs forvarnastarfs er það ein hagkvæmasta heilbrigðisaðgerð sem til er, bæði fyrir þjóðfélagið og einstaklingana sjálfa.

Virðingarfyllst,



Árni Einarsson
formaður
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins



Guðlaug B. Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins